



Fundargerð stjórnarfundar föstudaginn 6. september 2013, haldinn á skrifstofu Fjórðungssambands Vestfirðinga, kl 8.45

Mætt voru Albertína F Elíasdóttir, formaður, Friðbjörg Matthíasdóttir, Ómar Már Jónsson (í síma) og Sveinn Ragnarsson. Einnig sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og ritaði fundagerð.

Formaður setti fundinn og kynnti að Sigurður Pétursson væri forfallaður og varamaður hans einnig.

1. Fundargerð 16. ágúst 2013
Lögð fram fundargerð stjórnarfundar 16. ágúst s.l.. Fundargerð samþykkt.
2. Endurboðun 58. Fj.þing og endurskoðun dagskrár.
Staðfest ákvörðun formanns og varaformanns í samráði við oddvita Árneshrepps þann 27. ágúst s.l. um að fresta 58. Fjórðungsþingi Vestfirðinga vegna illviðrisspár. Boðað verði til þingsins að nýju þann 11. og 12. október n.k. í Félagsheimilinu Árnesi í Trékyllisvík.

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að dagskrá yrði óbreytt að undanskilinni einni breytingu, um nýtt viðfangsefni hópavinnu á þinginu, er varðar mótun stefnuviðmiða fyrir strandsvæðaskipalag.

Stjórn samþykkir þessa breytingu en leggur til að einnig verði tekið til umræðu forsendur fyrir að hefja vinnu að svæðisskipulagi fyrir Vestfirði. Við undirbúning málsins felur stjórn framkvæmdastjóra að kanna hvert er vægi svæðisskipulags sveitarfélaga til að hafa áhrif á uppbyggingu atvinnulífs og sértæk áhrif t.d. varðandi leyfisveitingar til atvinnurekstrar.

Ómar Már Jónsson vék af fundi.

3. Önnur mál.
Kynntur fyrirhugaður fundur þann 11. september n.k. um stöðu samstarfsverkefnis landshlutasamtaka um almenningssamgöngur á starfssvæði SSV, FV, SSNV og Eyþings. Fundinn sækja formenn og framkvæmdastjórar landshlutasamtakanna og verkefnisstjóri SSV sem haldið hefur utanum verkefnið.

Kynnt dagskrá fundar stjórnar FV með Sigurði Inga Jóhannssyni, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og umhverfis- / og auðlindaráðherra, nú síðar í dag.

Fleira ekki gert og fundi slitið 9.45